



Gjaldskrá fyrir sorphirðu og -meðhöndlun úrgangs í Rangárbæingum ytra.

1. gr.

Sveitarstjórn Rangárbæings Ytra er heimilt að setja á sérstakt gjald vegna sorphirðu- og eyðingar sbr. samþykkt nr. 433/2012 um meðhöndlun úrgangs. Gjöld samkvæmt gjaldskránni verða innheimt með fasteignagjöldum

2. gr.

Á íbúðarhús, frístundahús, atvinnuhúsnæði, lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skv. 1. gr. skipar sveitarstjórn í flokka eftir áætluðu magni úrgangs. Gjaldið skal vera eftirfarandi:

	Heimili	Frístundahús	Lögbýli ***	Atvinnuhúsnæði
Sorpeyðingargjald kr.*	17.554,-	12.520,-	7.529,-	15.360,-
Sorphirðugjald **	21.694,-			
Samtals kr.	39.249,-	12.520,-	7.529,-	15.360,-

* Sorpeyðingargjald tekur til reksturs sorpkerfisins, s.s. rekstur gámasstöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla sorpeyðingargjalds veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi.

** Sorphirðugjald er einungis lagt á heimili og innifelur það gjald leigu og losun á ílátum.

*** Sorpeyðingargjald er lagt á lögbýli sem hafa umfang umfram hefðbundið heimili, þ.e. séu fasteignir umfram íbúð og bílskúr á lögbýli er lagt á það sorpeyðingargjald.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárbæings ytra 9. desember 2015, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, gildir fyrir árið 2016 og öðlast gildi við birtingu.

Hellu, 9. desember 2015